


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Maí 2025

Ferðalög til Bandaríkjanna


Áhugi landsmanna á að ferðast til Bandaríkjanna hefur almennt minnkað mikið eftir að Donald Trump tók við embætti forseta í byrjun árs.

Áhuginn á ferðalögum til Bandaríkjanna hefur minnkað mikið hjá rúmlega helmingi landsmanna og minnkað nokkuð hjá rösklega einum af hverjum tíu. Áhuginn er óbreyttur hjá tæplega fjórðungi landsmanna og hefur aukist hjá ríflega tveimur af hverjum hundrað. Rösklega einn af hverjum tíu segist hvorki hafa haft áhuga á að ferðast til Bandaríkjanna fyrir né eftir að Trump tók aftur við embætti forseta.



Áhuginn á ferðalögum til Bandaríkjanna eftir að Trump tók aftur við embætti forseta hefur frekar minnkað hjá konum en körlum og frekar hjá fólki milli fertugs og sextugs en yngra eða eldra fólki. Áhuginn hefur frekar minnkað hjá íbúum höfuðborgarsvæðisins en hjá íbúum landsbyggðarinnar, sem eru aftur á móti líklegri en höfuðborgarbúar til að segjast hvorki hafa haft áhuga á að ferðast til Bandaríkjanna fyrir né eftir að Trump tók við embætti í byrjun árs. Áhugi á ferðalögum til Bandaríkjanna hefur frekar minnkað hjá fólki með meiri menntun en minni, en fólki með minni menntun er líklegra til að segjast hvorki hafa haft áhuga á þeim fyrir né eftir að Trump tók aftur við embætti. Áhugi á að ferðast til Bandaríkjanna hefur helst minnkað hjá þeim sem kysu Samfylkinguna eða Viðreisn ef kosið yrði til Alþingis í dag á meðan áhuginn hefur helst aukist hjá þeim sem kysu Miðflokkinn eða Flokk fólksins. Áhuginn hefur helst haldist óbreyttur hjá þeim sem kysu Miðflokkinn og þar á eftir hjá þeim sem kysu Sjálfstæðisflokkinn.**

Greiningar



** Innan við einn af hverjum tíu þeirra sem kysu Miðflokkinn eða Sjálfstæðisflokkinn sögðust hvorki hafa haft áhuga á ferðalögum til Bandaríkjanna fyrir né eftir að Trump tók aftur við embætti.

Spurt var:

- Hefur áhugi þinn á að ferðast til Bandaríkjanna aukist eða minnkað eftir að Donald Trump tók við embætti forseta í byrjun árs?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 9. til 27. maí 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.916 og þátttökuhlutfall var 43,6%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.